

Ísmús: Íslenskar kynjaverur. Rannsókn

Farðu á **ismus.is** og smelltu á *Djóðfræði* (<https://ismus.is/tjodfraedi/>). Notaðu vefinn til að gera rannsókn um eina kynjaveru af listanum hér fyrir neðan. Þegar þú leitar að efni um veruna skalt þú setja í forgang að skoða efni undir *hljóðrit* og *sagnir* en þú getur líka notað efni úr öðrum flokkum ef þér þykir ástæða til, t.d. ef leitin skilar ekki mörgum niðurstöðum í áður nefndum flokkum eða ef miklar upplýsingar um veruna er að finna í ljóðum og lausavísum.

Hafðu inngang þar sem þú útskýrir stuttlega hvað þú ætlar að rannsaka. Í meginmáli segir þú frá því sem þú finnur á vefnum. Athugaðu vel hvernig þú vísar í efnið og varastu að endursegja of mikið. Þú mátt hafa beinar tilvitnanir í sagnir og frásagnir fólks en gerðu það í hófi. Ef þú notar beinar tilvitnanir þarf að vera umræða um hverja tilvitnun og það þarf að vera skýrt hvernig hún tengist efninu þínu. Ef margar sagnir eða frásagnir eru mjög svipaðar getur verið gott að draga saman aðalatriðin úr þeim og fjalla um þau sem heild í stað þess að hafa beinar tilvitnanir í hverja frásögn. Í lokaorðum dregur þú stuttlega saman niðurstöðurnar. **Skrifaðu 600-800 orð.**

Umræðupunktur sem þú skalt hafa í huga þegar þú skrifar ritgerðina:

- Hvað er þessi vera?
 - o Lýstu verunum. eru þær mennskar eða dýr? eru þær blanda af ólíkum dýrategundum? Hafa þær yfirnáttúrulega krafta? Tengjast þær trúarbrögðum?
- Hvað vill þessi vera?
 - o eru verurnar góðar eða vondar? Hvað vilja þær mannfólki og hvers vegna? Taktu dæmi úr frásögnunum.
- Menn og kynjaverur
 - o Hvernig segir heimildafólkið frá verunum? Getur þú dregið ályktun um hvað fólkinu finnst um verurnar út frá frásögnunum þess?
 - o Virðist heimildafólkið trúá á tilvist veranna? Á hvaða tíma trúði fólk á verurnar?
 - o eru verurnar tengdar við tiltekið landssvæði? Hvaða hópur fólks trúir á verurnar? (karlar, konur, landssvæði, börn, fullorðnir...)
- Hvaðan koma verurnar?
 - o Hefur heimildafólkið einhverjar skýringar á verunum? Hefur þú kenningu um hvernig sögurnar um verurnar komu til?

Nykur

Lagarfljótsormurinn

Útilegumenn

Sæbúar

Marbendlar og hafmeyjur

Fjörulalli

Skoffin og skuggabaldur

Það er of viðtækt að skrifa almennt um þessar verur og því þarf að afmarka efnið, t.d. að fjalla um verur frá ákveðnu landssvæði, verur sem gegna tilteknu hlutverki eða að fjalla um tiltekna persónu, t.d. Grýlu

Huldufólk

Álfar

Tröll